

Sönglög um kurteisi

LOBBUKVÆÐI

Heyrðu Lobba viltu ljá mér litla hvolpinn þinn?
Heldurðu að ég meiði nokkuð þetta litla skinn?
Ég skal fara varlega og hafa gát á því,
að hann detti ekki á gólfið og reki nefið í.

Mig langar til að skoða skæru augun blá
og litlu, skrýtnu rófunu, sem er aftan á.
Láta hann svo hlaupa á litlu fótunum
og leika mér svo dálítið við hann og klappa honum.

Heldurðu ekki Lobba mín þú lánir mér hann?
Ég læt þig hafa í staðinn beinið sem ég fann.
Það er, sjáðu utan á því ofurlítið ket,
seinna skal ég gefa þér meira ef ég get.,

Ég verð nú ekki lengi að naga beinið þitt,
en náttúrulega máttu skoða litla skinnið mitt.
En ef hann fer að væla og ef það koma tár,
þá ættir þú að vara þig því ég get orðið sár.

KRUMMI KRUNKAR ÚTI

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi nafni minn.
Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi, nafni minn.“

LITLA, LITLA MÚSIN

Litla, litla músin labbar af stað,
með loðinn feld í skólann, já veistu bara hvað.
Mamma hennar segir: „mundu að vera góð,
svo músasiði alla þú lærir, stillt og hljóð“.
Rétt áður en músin litla, labbar af stað,
rausnarmúsinn góða vefur inn í blað,
voða mikið nesti, vænan mjólkurost.
Það veitir ekki af, því bráðum kemur frost.

MAMMA FÆR ÞAÐ BESTA

Ef væri ég söngvari syngi ég ljóð,
:;um sólina vorið og land mitt og þjóð.:;
En mömmu ég gæfi mín ljúfustu ljóð,
:;hún leiðir mig, verndar og er mér svo góð.:;
Ef kynni' ég að sauma ég keypti mér lín
:;og klæði ég gerði mér snotur og fín.:;
En mömmu úr silki ég saumaði margt
:;úr silfri og gulli, hið dýrasta skart.:;

ÓLI FÓR TIL BERTU

Óli fór til Bertu, bakarístertu
og bað hana að kyssa sig.
Þá sagði Berta bakarísterta:
„Bara ef þú elskar mig“.
Þá sagðir Óli sem alltaf var á hjóli:
„Berta, ég elska þig“.
Þá sagði Berta bakarísterta:
„Þá máttu kyssa mig“.

RAUÐI KARLINN

LAG: „ALLIR KRAKKAR“

Rauði karlinn, rauði karlinn
kallar til þín hér.
Hann biður þig að bíða,
best er því að hlýða.
Stans hann segir,
stans hann segir,
stans og gættu að þér.
Græna karlinn, græna karlinn
krakkar þekkja fl est.
Göngumerki gefur,
gát á öllu hefur.
Yfir götu,
öll við göngum
glöð í einni lest.

SNATI OG ÓLI

Heyrðu snöggvast Snati minn,
snjalli vinur kæri,
heldurðu ekki að hringinn þinn,
ég hermannlega bæri.
Lof mér nú að leika að,
látúns hálsgjörð þinni,
ég skal seinna jafna það,
með jólaköku minni.
Jæja þá í þetta sinn,
þér er heimil ólin,
en hvenær koma kæri minn,
kakan þín og jólin